

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningar- og styrktarsjóð Ölla.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Minningar- og styrktarsjóður Ölla. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Hafnarfirði.

Stofnunin heyrir undir lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru: María Rut Reynisdóttir, kt. 220774-3099, Ólafur Indriði Stefánsson, kt. 030773-3739 og Særún Lúðvíksdóttir, kt. 171061-6529.

3. gr.

Stofneign sjóðsins er samtals kr. 1.045.000 - krónur einmilljónogfjörtíugfimmþúsund 00/100 og bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins umfram stofnframlag sitt.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlög utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir, vaxtatekjur og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja unga íþróttamenn, með æfingagjöldum, búnaði og með þátttöku í ferðakostnaði. Skal það gert með því að greiða æfingagjöld til íþróttafélaga sem viðkomandi umsækjandi æfir með eða ef styrkur er fölginn í afhendingu búnaðar skal tryggja að búnaðurinn nýtist við æfingar í viðkomandi íþrótt. Þátttaka í ferðakostnaði skal heimil bæði vegna æfinga og keppni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 aðalmönnum kosnum á aðalfundi til eins árs í senn og einum varamanni. Stjórn sjóðsins skal í fyrsta sinn kosin á stofnfundi sjóðsins.

Einungis stofnendur sjóðsins eða að þeim látnum sameiginlegir lögerfingjar þeirra skulu hafa heimild til að kjósa stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Stjórnin metur hvort þörf er fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns og annast um ráðningu hans ef þörf er á slíkum starfsmanni. Stjórnin veitir prókúrumboð.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Undirritun meirihluta stjórnarmanna skuldbindur stofnunina. Stjórmunarkostnaður skal allur greiðast af fjármunum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðunarfelagi. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er frá stofnun og til 31. desember 2013.

Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir Ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu vera samþykktar af öllum aðalstjórnarmönnum.

Nr. 1027

6. nóvember 2013

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu allar eigur hans renna til stofnana eða samtaka sem vinna að markmiðum sjóðsins eftir ákvörðun stjórnar. Ef ekki finnst slík stofnun eða samtök skulu eigur sjóðsins renna til Hjálparstofnunar kirkjunnar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af sýslumanninum á Sauðárkróki samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 6. nóvember 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2013